



Lestrarstefna Skagafjarðar

LESTUR ER BÖRNUM BESTUR



Skagafjörður



EFNISYFIRLIT

Lestur er börnum bestur	bls. 3
Um lestrarstefnuna og gerð hennar	4
1. Lestur og skilningur	6
Markmið og leiðir fyrir 1 og 2 ára nemendur	6
Markmið og leiðir fyrir 3 og 4 ára nemendur	7
Markmið og leiðir fyrir 5 ára nemendur	8
Markmið og leiðir fyrir nemendur í 1. og 2. bekk	9
Markmið og leiðir fyrir nemendur í 3. – 4. bekk	10
Markmið og leiðir fyrir nemendur í 5. – 7. bekk	11
Markmið og leiðir fyrir nemendur í 8. – 10. bekk	12
Markmið og leiðir fyrir tónlistarskóla	13
2. Lestrarhvetjandi umhverfi	14
3. Samstarf við heimilin	15
4. Samfella á milli skólastiga	16
5. Tvítýngi og fjöltýngi	17
6. Einstaklingsmiðun	18
7. Matstæki	19
Matstæki í leikskólum	19
Matstæki í grunnskólum	21
8. Hugtakaskýringar	26
Heimildir	31

LESTUR ER BÖRNUM BESTUR

Yfirskriftin „Lestur er börnum bestur“ er heiti á slagorði sem valið var í samkeppni sem læsisráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar efndi til. Höfundur slagorðsins, Ragna Fanney Gunnarsdóttir, leikskólakennari, hittir svo sannarlega naglann á höfuðið því fátt er betra en að alast upp við lestur góðra texta. Að geta gleymt stað og stund í heimi sagna eða fræða af ýmsu tagi þroskar hugsun og sýn á lífið og tilveruna. Að lesa góða skáldsögu eða hverfa inn í heim ævintýra, furðusagna, frásagna og atburða er hvort tveggja í senn góð slökun og örvun ímyndunarafis. Ímyndunaraflið er forsenda nýsköpunar og framþróunar, það er kveikjan að nýjum hugmyndum og nýjum lausnum á viðfangsefnum daglegs lífs.



Það er ánægjuefni að nú lítur dagsins ljós lestrarstefna fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð og ástæða til að þakka frumkvæði að gerð hennar og þátttöku skólafólks á öllum skólastigum. Stefnan er ekki einungis markmið um lestrarfærni fyrir hvern aldursþóp fyrir sig heldur varðar hún einnig leiðir til að ná markmiðunum og er þannig auðveld að tileinka sér og vinna eftir, hvort sem er fyrir skólafólk eða heimilin.

Allir kennarar eru lestrarkennarar segir í inngangi læsisráðs hér að aftan og þannig er lögð áhersla á mikilvægi þess að skólafólk sé meðvitað um það hlutverk sitt að efla lestur og læsi í víðum skilningi. Í raun má segja að við séum öll lestrarkennarar, hvaða hlutverki sem við gegnum, kennarar, foreldrar, ömmur og afar, frænkur og frændur – við öll sem samfélag berum ábyrgð á að börnin okkar öðlist góða lestrarfærni og séu vel í stakk búin að takast á við áskoranir daglegs lífs því góð færni í lestri er ein af grunnforsendum árangurs í námi og starfi.

Það er von mín að lestrarstefna Sveitarfélagsins Skagafjarðar verði lifandi stefna í skólum og á heimilum og hvatning til okkar allra að miðla og hjálpa börnum okkar til geta lesið sér til gagns og ánægju og þannig veitt þeim mikilvægt veganesti út í lífið.

Með þessum orðum þakka ég læsisráði fyrir frumkvæðið að gerð lestrarstefnunnar sem hér fer á eftir. Það er samfélaginu í Skagafirði ómetanlegt að eiga öflugt skólafólk og góða skóla sem leggja metnað sinn í að skila börnum okkar vel búnum út í lífið.

Herdís Á. Sæmundardóttir,
sviðsstjóri fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

UM LESTRARSTEFNUNA OG GERÐ HENNA

Frumkvæðið að gerð lestrarstefnu fyrir Skagafjörð kom frá deildarstjórum sérkennslu í grunnskólum Skagafjarðar. Vorið 2015 var læsisráð Skagafjarðar stofnað og eiga



allir leik- og grunnskólar fulltrúa í læsisráðinu. Þetta sama vor var unnin nokkurs konar beinagrind að lestrarstefnunni, sem byggir á fræðilegum grunni. Veturinn 2015 – 2016 voru skipuð læsisteymi í öllum grunn- og leikskólum Skagafjarðar sem höfðu meðal annars það hlutverk að halda utan um vinnu við gerð lestrarstefnunnar í hverjum skóla. Þannig vann starfsfólk leik- og grunnskóla Skagafjarðar að því að útfæra hinn fræðilega grunn stefnunnar með því að skilgreina markmið hvers og eins kafla ásamt því að koma með dæmi að leiðum til að ná þeim fram. Jafnóðum og kaflarnir urðu til í skólunum tók læsisráð vinnuna saman og setti í eina heildstæða stefnu. Þegar búið var að sameina vinnu leik- og grunnskóla tók Tónlistarskóli

Skagafjarðar við stefnunni og kom með tillögur að viðbótum sem læsisráð vann síðan úr.

Markmið lestrarstefnu Skagafjarðar eru eftirfarandi:

- Að efla læsi í tónlistar-, leik- og grunnskólum í Skagafirði.
- Að skapa samfellu í læsisnámi barna og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er í hverjum skóla.
- Að efla samstarf við heimilin á sviði lestrar.

Samhliða gerð lestrarstefnunnar bjó læsisráð til gæðagreina sem skólarnir geta notað í sjálfsmati til að meta hvernig gengur að framfylgja lestrarstefnunni. Lestrarstefnan er nú hluti af reglubundnu sjálfsmati allra skóla í Skagafirði.

Í lestrarstefnu Skagafjarðar er hugtakið nemendur notað um öll börn sem stunda nám í leik- grunn- og tónlistarskóla. Allir kennarar sem kenna nemendum á leik- og grunnskólaaldri eru lestrarkennarar. Okkar hlutverk er að kenna nemendum orð, hugtök og aðferðir í lestri sem gagnast við að skilja lesinn texta. Rannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl á milli málþroska og lestrarfærni. Góð hljóðkerfisvitund, orðaforði og hugtakaskilningur eru mikilvægir þættir í lestrarþróun barna og því ber að leggja áherslu á að allir kennarar leggi sitt af mörkum til að styrkja þann grunn.

Lestrarstefnan skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er stefnan sjálf sett fram í sjö köflum sem bera eftirfarandi heiti: Lestur og skilningur, Lestrarhvetjandi umhverfi, Samstarf við heimilin, Samfella á milli skólastiga, Tvítýngi og fjöltýngi, Einstaklingsmiðun og Matstæki. Í seinni hlutanum eru útskýringar á hugtökum og aðferðum sem fjallað er um í lestrarstefnunni.

Í læsisráði Skagafjarðar sitja:

Anna Árnína Stefánsdóttir
 Anna Jóna Guðmundsdóttir
 Anna Steinunn Friðriksdóttir
 Ingibjörg Huld Þórðardóttir
 Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir
 Sara Regína Valdimarsdóttir
 Selma Barðdal
 Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir
 Steinunn Arnljótsdóttir

Fyrsta árið sem læsisráð starfaði sat Anna María Guðmundsdóttir sem fulltrúi Tónlistarskólans í læsisráði. Rúnar Vífilsson og Helga Harðarsdóttir störfuðu einnig í læsisráði fyrsta árið en á síðari stigum kom Selma Barðdal inn í ráðið í þeirra stað.

Ákveðið var að gefa lestrarstefnuna út á prenti sumarið 2017 en hún er einnig aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðum skólanna og sveitarfélagsins. Lestrarstefnan er þess eðlis að hún þarfnast stöðugar endurskoðunar og uppfærslu. Rafræna útgáfan verður uppfærð reglulega en lestrarstefnan verður ekki gefin út á prenti eftir hverja uppfærslu.

Fyrir hönd læsisráðs Skagafjarðar
 Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir



1. LESTUR OG SKILNINGUR

Markmið fyrir 1 og 2 ára nemendur

- Að styðja við málproska
- Að auka orðaforða og málskilning
- Að þjálfra hlustun, minni og framsögn
- Að efla hljóða- og hljóðkerfisvitund og máltjáningu
- Að kynnst táknum og rituðu máli
- Að kynnst bókstöfum og hljóðum þeirra
- Að þjálfra og efla samhæfingu augna og handa
- Að skapa jákvæða upplifun af lestri og tjáningu

Dæmi um leiðir

- Hafa bækur aðgengilegar
- Hafa gott aðgengi að bókasafni
- Lesa daglega
- Syngja og fara með þulur
- Nota „Tákn með tali“
- Klapp atkvæða
- Þjálfra rím
- Leika með hljóð stafa og orða
- Kenna upphafsstaf nemenda
- Skoða tákn í umhverfinu
- Nota spil, kennsluforrit og smáforrit til að efla málnotkun og hlustun
- Hafa ritföng aðgengileg
- Merkja hluti
- Hafa ritmál sýnilegt
- Hlusta á sögur, þulur og vísur
- Nota heiti yfir athafnir
- Hafa orðaforðalista Menntamálastofnunar aðgengilegan

***Snemmtæk
íhlutun felst í
því að greina
málproskufrávik
og bregðast við
sem fyrst***

***Málproski
barna sem
sýna frávik í
TRAS skráningu
er metinn með
málproskaprófinu
Orðaskilum***



Markmið fyrir 3 og 4 ára nemendur

- Að efla orðaforða og auka málskilning
- Að þjálfra hlustun, minni og framsögn
- Að efla hljóða- og hljóðkerfisvitund og máltjáningu
- Að kynnst bókstöfum, hljóðum þeirra og rituðu máli
- Að efla skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu
- Að þjálfra og efla samhæfingu augna og handa
- Að þjálfra rétt blýantsgrip
- Að læra að þekkja og skrifa nafnið sitt
- Að skapa jákvæða upplifun af lestri, ritun og tjáningu

Dæmi um leiðir

- Hafa bækur aðgengilegar
- Hafa gott aðgengi að bókasafni
- Lesa daglega
- Hvetja til samræðna
- Endursegja og búa til sögur
- Læra söngva, þulur og vísur
- Nota „Tákn með tali“
- Vinna eftir aðferðum „Markvissrar málörvunar“
- Klapp atkvæða
- Þjálfra rím
- Leika með hljóð stafa og orða
- Leika með samsett orð
- Kenna upphafsstaf nemenda
- Skoða tákn í umhverfinu
- Nota spil, kennsluforrit og smáforrit til að efla málnotkun og hlustun
- Hafa rittföng aðgengileg
- Æfa markvisst rétt blýantsgrip
- Merkja hluti
- Hafa ritmál sýnilegt
- Nota leyniskrift
- Skrifa nafnið sitt eftir forskrift
- Hlusta á sögur, þulur og vísur
- Hlusta á hljóðin í náttúrunni
- Nota heiti yfir athafnir
- Hafa orðaforðalista Menntamálastofnunar aðgengilegan



**Börn sem
sýna frávik í
TRAS skráningu
eru metin með
Smábarnalistanum
eða Íslenska
þroskalistanum**

Markmið fyrir 5 ára nemendur

- Að auka máltilfinningu, málskilning og orðaforða
- Að þjálfra hlustun, minni og framsögn
- Að efla hljóða- og hljóðkerfisvitund og máltjáningu
- Að kynna bókstöfum, hljóðum þeirra og formi
- Að efla skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu
- Að þjálfra og efla samhæfingu augna og handa
- Að þjálfra rétt blýantsgrip
- Að læra að þekkja og skrifa nafnið sitt og nöfn skólafélaga, vina og/eða ættingja
- Að skapa jákvæða upplifun af lestri, ritun og tjáningu

Dæmi um leiðir

- Hafa bækur aðgengilegar
- Hafa gott aðgengi að bókasafni
- Lesa daglega
- Hvetja til samræðna
- Endursegja og búa til sögur
- Álykta um framhald í sögum
- Læra söngva, þulur og vísur

- Nota „Tákn með tali“
- Vinna eftir aðferðum „Markvissrar málörvunar“
- Klapp atkvæða
- Þjálfra rím
- Leika með hljóð stafa og orða
- Leika með samsett orð
- Kenna upphafsstaf nemenda
- Skoða tákn í umhverfinu
- Nota spil, kennsluforrit og smáforrit til að efla málnotkun og hlustun
- Hafa ritföng og pappír aðgengileg
- Æfa markvisst rétt blýantsgrip
- Æfa að draga rétt til stafs
- Staðsetja bókstafi á línu
- Merkja hluti
- Hafa ritmál sýnilegt
- Nota leyniskrift
- Skrifa nafnið sitt eftir forskrift
- Æfa sögugerð í rituðu og töluðu máli
- Hlusta á sögur, þulur og vísur
- Hlusta eftir hljóðum í orðum
- Hlusta á hljóðin í náttúrunni
- Hafa orðaforðalista Menntamálastofnunar aðgengilegan
- Vinna með hljóð með samþættingu sjón-, heyrnar- og hreyfiskynjunar

**Hljóm2
er lagt fyrir
alla 5 ára
nemendur**



Markmið fyrir nemendur í 1. og 2. bekk

- Að efla hljóðkerfisvitund
- Að læra hljóð, heiti og tákn íslensku bókstafanna
- Að geta lesið aldurssvarandi texta
- Að geta beitt hljóðaaðferð og ritháttarlestri
- Að þjálfa máltjáningu
- Að þjálfa hlustunarfærni
- Að þjálfa lesskilning
- Að auka orðaforða og efla málskilning
- Að geta lesið úr einföldum skýringarmyndum

Dæmi um leiðir/ kennsluaðferðir

Unnið er eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem m.a. er lögð áhersla á:

- Rím og orðaleiki
- Klapp atkvæða
- Hljóðgreiningu
- Hljóðtengingu
- Innlögn á hljóðum og heiti stafa
- Algengar orðmyndir
- Hljóðaaðferð
- Ritháttarlestur
- Raddlestur
- Paralestur
- Kórlestur
- Bergmálslestur
- Yndislestur
- Gagnvirkan lestur
- Hugtakakort
- KVL (Kann, vil vita, hef lært)
- Vennkort (Samanburðarkort)
- Spil, kennsluforrit og smáforrit
- Umræður um texta, orð og hugtök
- Vinnu með fjölbreyttan texta, s.s. barnabækur, fræðitexta, ævintýri, vísur, ljóð og þulur
- Notkun fyrirmælaspjalda
- Upplestur á eigin texta og upptökur á hljóði og mynd
- Endursögn og ályktanir
- Gott aðgengi að lesefni í kennslustofu
- Daglegan heimalestur
- Notkun hljóðefnis

***Lesferill –
lesskimun er
lögð fyrir alla
nemendur í
1. bekk***

Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils - Orð á mínútu

Árgangur	Lágmarksviðmið	Almenn viðmið	Metnaðarfull viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100



Markmið fyrir nemendur í 3.–4. bekk

- Að geta lesið fjölbreytta aldursvarandi texta
- Að geta beitt hljóðaaðferð og ritháttarlestri
- Að auka lestrarhraða
- Að þjálfá máltjáningu
- Að þjálfá hlustunarfærni
- Að lesa skýrt og áheyrilega og taka mið af greinarmerkjum
- Að þjálfá lesskilning
- Að auka orðaforða og efla málskilning
- Að geta lesið úr einföldum skýringarmyndum
- Að geta lesið í hljóði í 10-15 mínútur
- Að geta valið sér lesefni sem hæfir lestrargetu
- Að geta lesið sér til ánægju
- Að læra að nota bókasafn

Dæmi um leiðir/kennsluaðferðir

Unnið er eftir aðferðum Byrjendalæsis og Orðs af orði þar sem m.a. er lögð áhersla á:

- Hljóðaaðferð
- Ritháttarlestur
- Raddlestur
- Gagnvirkur lestur
- Hugtakakort
- KVL (Kann, vil vita, hef lært)
- Vennkort (Samanburðarkort)
- Spil, kennsluforrit og smáforrit
- Paralestur
- Kórlestur
- Bergmálslestur
- Punktalestur
- Yndislestur
- Lestrarspretti
- Kortalestur og myndlestur
- Umræður um texta, orð og hugtök
- Vinnu með fjölbreyttan texta
- Notkun fyrirmælasþjalda og leiðbeininga
- Upplstur á eigin texta og upptökur á hljóði og mynd
- Heimsóknir á bókasafn
- Endursögn og ályktanir
- Gott aðgengi að lesefni í kennslustofu
- Daglegan heimalestur
- Notkun hljóðefnis

**Nemendur
í 3. bekk
sem eru undir
lágmarksviðmiðum
í Lesferilsprófi
fara í Logos
lestrargreiningu**

Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils - Orð á mínútu

Árgangur	Lágmarksviðmið	Almenn viðmið	Metnaðarfull viðmið
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145

Markmið fyrir nemendur í 5.–7. bekk

- Að geta lesið og skilið fjölbreyttan aldursvarandi texta
- Að auka lestrarhraða
- Að þjálfra lesskilning
- Að þjálfra upplestur og túlkun texta
- Að þjálfra máltjáningu
- Að þjálfra hlustun
- Að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks
- Að geta valið sér lesefni við hæfi
- Að auka orðaforða og efla málskilning

Dæmi um leiðir/kennsluaðferðir

- Fastir lestrartímar á stundatöflu
- Samlestur milli bekkja
- Lestrarhópar
- Lestrarsprettir
- Yndislestur
- Paralestur
- Punktalestur
- Gagnvirkur lestur
- Skimunarlestur
- Upplestur
- Hljóðlestur
- SSLSR (Skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp)
- KVL (Kann, vil vita, hef lært)
- Vennkort (Samanburðarkort)
- Spil, kennsluforrit og smáforrit
- Hraðlestrar- og/eða lesskilningsnámskeið
- Heimsóknir á bókasafn
- Upplestur á eigin texta og upptaka á hljóði og mynd
- Aðferðir Orðs af orði
- Kortalestur og myndlestur
- Hugtakakort
- Gott aðgengi að lesefni í kennslustofu
- Daglegur heimalestur
- Notkun hljóðefnis

**Nemendur
í 6. bekk sem
eru undir
lágmarksviðmiðum
í Lesferilsprófi
fara í Logos
lestrargreiningu**

Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils - Orð á mínútu

Árgangur	Lágmarksviðmið	Almenn viðmið	Metnaðarfull viðmið
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190

Markmið fyrir nemendur í 8.–10. bekk

- Að geta lesið, skilið og túlkað fjölbreytta og aldursvarandi texta og upplýsingar
- Að þekkja mismunandi aðferðir við lestur
- Að geta valið sér lesefni við hæfi
- Að lesa texta á skilvirkan og öruggan hátt
- Að lesa sér til ánægju og fróðleiks
- Að skilja gildi lesturs og þjálfunar lesturs
- Að geta gert sér grein fyrir aðal- og aukaatriðum í texta
- Að þjálfra máltjáningu
- Að þjálfra hlustun
- Að efla hugtakaskilning

**Nemendur
í 9. bekk sem
eru undir
lágmarksviðmiðum
í Lesferilsprófi
fara í Logos
lestrargreiningu**

Dæmi um leiðir/kennsluáðferðir

- Fastir lestrartímar á stundatöflu
- Vinna með fjölbreyttar textategundir
- Gagnvirkur lestur
- Skimunarlestur
- Yndislestur
- Punktalestur
- Upplestur
- Hjóðlestur
- Lestrarsprettir
- SSLSR (Skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp)
- KVL (Kann, vil vita, hef lært)
- Áðferðir Orðs af orði
- Hugtakagreining og orð dagsins/vikunnar
- Hraðlestrar- og/eða lesskilningsnámskeið
- Sýnilegt yfirlit um lesnar blaðsíður
- Bókakynningar – höfundar, nemendur, starfsfólk
- Bókalistar þar sem nemendur mæla með bókum
- Lestur sem valgrein
- Starfsstéttir kynna hvernig lestur tengist daglegu starfi
- Daglegur heimalestur
- Notkun hjóðefnis
- Spil, kennsluforrit og smáforrit
- Aðgengi að fjölbreyttu lesefni
- Greiður aðgangur að bókasafni og millisafnalánnum

Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils - Orð á mínútu

Árgangur	Lágmarksviðmið	Almenn viðmið	Metnaðarfull viðmið
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Eftirfarandi markmið fyrir tónlistarskóla takmarkast við lestur og mikilvægt er að hafa í huga að leiðir séu í samræmi við einstaklingsmiðað nám samkvæmt Aðalnámsskrá tónlistarskóla.

Markmið fyrir tónlistarskóla:

- Að efla hljóðavitund/tónheyrn
- Að læra nótur, heiti þeirra, hljóð og tónstiga
- Að æfa blæbrigði, tónhæð og styrkleikabreytingar
- Að auka tónlistartengdan orðaforða
- Að þjálfra hlustun, minni og framsetningu
- Að læra nótnaskrift, tákni og ítölsk tónlistarheiti
- Að æfa samhæfingu hugar og handa
- Að æfa tónverk og flutning eftir nótum

Dæmi um leiðir

- Klappa og spila hrynn á ásláttarhljóðfæri
- Finna áherslur í takttegundum
- Tengja söngva, þulur og vísur við tónlist
- Skrifa, lesa og spila eftir nótum
- Greina tónbil eftir eyra
- Innlögn á nótum og nótnaheitum
- Æfa tónstiga og tengja þá við tónverk
- Skrifa hrynn og tón-dæmi
- Hafa tónlistartákni, orð og nótur sýnileg
- Syngja og spila eftir eyra og nótum
- Hlusta á fjölbreytilega tónlist við margbreytilegar aðstæður
- Skapa eigin tónlist
- Æfa orðaforða og merkingu í tónlist
- Hafa lesefni um tónlist og tónskáld aðgengilegt
- Hafa hljóðfæri, kennslubækur og smáforrit í tónlist aðgengileg
- Æfa lengdargildi nótna og þagna



2. LESTRARHVETJANDI UMHVERFI

Markmið

- Að umhverfið kveiki áhuga og forvitni
- Að umhverfið hvetji til rannsókna og athugana
- Að nemendur upplifi gleði og sköpun í tengslum við lestur
- Að nemendur læri að tákni hafi merkingu
- Að hvetja til aukins lesturs
- Að lestrarumhverfi sé notalegt og hvetji til jákvæðs viðhorfs til lesturs

Dæmi um leiðir

- Hafa fjölbreytt lesefni aðgengilegt
- Auka aðgengi að hljóðbókum og talgervlum
- Lesa með og fyrir nemendur
- Hvetja starfsfólk til að vera sýnilegar fyrirmyndir í lestri
- Hengja upp veggspjöld sem kveikja áhuga og forvitni
- Auka aðgengi að spilum, púslum og öðrum efniviði sem hvetur til lesturs
- Merkja hluti
- Hafa stafi, nótur og tákni sýnileg
- Hafa dagsskipulag, stundaskrá, reglur og ýmsar upplýsingar sýnilegar
- Hafa verkefni nemenda sýnileg í kennslustofum og á göngum
- Hafa gott aðgengi að bókasafni
- Hafa lestraraðstöðu í hverri kennslustofu
- Hafa bókaskápa í hverri kennslustofu
- Hafa reglulega læsistíma á stundaskrá/skipulagi

- Hafa kynningar á bókum og höfundum
- Fá rithöfunda, foreldra og aðra gesti til að lesa fyrir nemendur
- Hengja upp speki, málshátt, orðtak eða gátu vikunnar
- Auglýsa bækur sem nemendur hafa lesið og mæla með
- Hafa áhugaverðar greinar úr blöðum aðgengilegar
- Setja spurningar, gátur, stutta texta, ljóð, brandara og fróðleik á spjöld víðs vegar um skólahúsnæðið
- Nýta fróðleik á mjólkurfernum
- Hafa bekkjarbókasafn þar sem nemendur koma með bækur að heiman
- Hengja upp veggspjöld með „fyrirmyndum“ t.d. úr íþróttum og tónlist
- Útbúa þematengda lestrarkassa sem ganga milli aldursstiga
- Hafa krossgátur aðgengilegar
- Nota kynningarskjá til að vekja áhuga á lestri
- Búa til orðaspil í líkingu við Scrabble eða Kröflu á veggspjöld sem er aðgengilegt á göngum
- Hafa fræðandi upplýsingar um efni, áhöld og fleira sem tengist námsgreinum í hverri verkgreinastofu sýnilegt
- Hafa sameiginlegar læsistundir milli árganga
- Lesa fyrir eldri borgara og leikskólabörn
- Nota orðaspil í íþrótt- og sundtímum og samþætta við hreyfingu
- Hafa söngstundir
- Hafa 100 algengustu orðin á gólfi eða tröppum



3. SAMSTARF VIÐ HEIMILIN

Markmið

- Að upplýsa forráðamenn um hlutverk sitt í þróun máls og lestrarnámi barna sinna
- Að auka þátttöku og ábyrgð forráðamanna í málproska, læsisþróun og lestrarnámi barna sinna
- Að upplýsa forráðamenn um leiðir sem skólinn notar í lestrarkennslu og til eflingar málproska
- Að upplýsa forráðamenn um framvindu lestrarnáms barna þeirra og málproska
- Að auka lestrarfærni nemenda og áhuga þeirra á lestri
- Að afla upplýsinga hjá forráðamönnum sem skipt gætu máli varðandi læsisþróun, málproska og lestrarnám barna þeirra

Dæmi um leiðir

- Fréttabréf til forráðamanna
- Regluleg foreldraviðtöl
- Regluleg upplýsingagjöf um framvindu lestrarnáms, t.d. í dagbók í Mentor.
- Upplýsingar um viðmið aðgengilegar forráðamönnum
- Skólinn opinn forráðamönnum
- Ráðgjöf og fræðsla til forráðamanna um málproska, þróun læsis, lestur, lestrarerfiðleika, heimalestur og lestrarnám

- Upplýsingar á heimasíðu
- Forráðamenn hvattir til að lesa fyrir börn sín óháð aldri þeirra
- Forráðamenn hvattir til samræðna við börn sín til að auka málskilning og orðaforða
- Daglegur heimalestur til loka grunnskóla skráður af forráðamönnum
- Markmiðasetning og skipulagðir lestrarsprettir með þátttöku forráðamanna
- Forráðamenn hvetji börn sín til að koma með þeim á bókasafn
- Forráðamenn hvetji börn sín til að lesa í skólafríum
- Forráðamenn og barn lesa saman bók
- Forráðamenn bendi börnunum sínum á áhugaverðar bækur til að lesa
- Forráðamenn og starfsfólk skóla sýni gott fordæmi með því að lesa sjálfir svo það sé barninu sýnilegt
- Forráðamenn og starfsfólk skóla aðstoði börn við að finna viðeigandi lestrarefni
- Bókakynningar barna, forráðamanna og starfsfólks skóla
- Gjaldfrjáls bókasafnskort fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri



4. SAMFELLA Á MILLI SKÓLASTIGA

Markmið

- Að lestrarnám nemenda myndi samfellda heild
- Að tryggja upplýsingaflæði á milli skólastiga og skólagerða
- Að byggja brýr á milli skólastiga

Dæmi um leiðir

- Gagnkvæm kynning á námskrá og námsefni yngstu nemenda í grunnskóla og elstu nemenda í leikskóla með fundum að hausti
- Kynning á kennsluaðferðum Byrjendalæsis fyrir kennara elstu nemenda leikskólans
- Markviss skráning, t.d. með Ferilbók sem fylgir barninu í gegnum leik- og grunnskóla
- Skilafundur þegar nemendur hafa

lokið leikskóla, umsjónarkennari og deildarstjóri skólahóps, væntanlegur umsjónarkennari fyrsta bekkjar, deildarstjóri stuðningskennslu og deildarstjóri yngsta stigs, þar sem það á við, sitji fundinn

- Grunnskóli veitir leikskóla upplýsingar um niðurstöður úr lesskimunarprófum í 1. bekk á skilafundi í október. Skólastig vinna í sameiningu að umbótaáætlun í kjölfarið
- Skila skal upplýsingum um nemendur með lestrarörðugleika til framhaldsskóla og tónlistarskóla í héraði með leyfi forráðamanna
- Gagnkvæmar heimsóknir kennara milli skólahóps og 1. bekkjar samkvæmt skipulagi á hverjum stað
- Gagnkvæmar heimsóknir nemenda í leik- og grunnskóla samkvæmt skipulagi á hverjum stað



5. TVÍTYNGI OG FJÖLTYNGI

Markmið

- Að styðja við færni nemenda í móðurmálum þeirra
- Að nemendur öðlist færni í íslensku
- Að forráðamönnum tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda sé gert kleift að taka virkan þátt og fylgjast með kennslu og námi barna sinna
- Að virðing sé borin fyrir móðurmáli nemenda á sýnilegan hátt í skólanum

Dæmi um leiðir

- Styðja við móðurmálsnám nemenda í skólanum
- Hafa kennslubækur á móðurmáli nemandans fyrir forráðamenn til að styðja við móðurmál þeirra
- Nota tákn með tali
- Skapa skilvirkt samstarf við forráðamenn um lestrarnám nemandans
- Styðja og fræða forráðamenn um mikilvægi þess að þeir efla færni barna sinna í móðurmálinu
- Að hvetja forráðamenn til að styðja við íslenskunám barna sinna
- Gott aðgengi að bókum, hljóðbókum, myndböndum og kvikmyndum á móðurmáli tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda
- Að nemandi fái kennslu í íslensku sem öðru tungumáli frá upphafi skólagöngu
- Notaðar séu fjölbreyttar leiðir og kennslugögn í málörvun, lestrar- og íslenskukennslu
- Hafa fjölmenningsdag eða daga
- Hafa þjóðfána og kort af upprunálöndum nemenda uppi í skólanum
- Að börnin hafi góðan aðgang að spjaldtölvum, tölvum og heyrnartólum til að vinna með forrit eins og Google Translate, Duo Lingo, Bitsboard, Youtube og fleira.
- Að hvetja forráðamenn til að leyfa börnum

sínum að koma með bækur, lög og texta í skólann á móðurmáli sínu

- Að efla orðaforða og tjáningu með samræðum, spilum og leikjum
- Tryggja kennslu í orðaforða tengdum greinanámi
- Nota kennsluaðferðir sem efla orðaforða, eins og Orð af orði
- Upplýsingar frá skóla fari heim á móðurmáli nemenda
- Merkja heiti hluta með orðum á móðurmálum nemenda og íslensku
- Hafa ber í huga að viðmið um árangur á lestrar- og málþroskaprófum miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál
- Að lestrarfærni og málþroski nemenda sé metinn á móðurmáli þeirra sé þess kostur
- Að afla upplýsinga frá forráðamönnum varðandi málþroska út frá þeim tungumálum sem nemandinn notar
- Að afla upplýsinga um námsstöðu nemenda frá forráðamönnum og fyrri skóla
- Nýta talmeinafræðing til ráðgjafar og stuðnings
- Að tvítyngdir og fjöltyngdir nemendur fái einstaklingsáætlun í málörvun og lestrar- og íslenskunámi
- Að starfsmenn leggi sig fram um að tala skýrt og í stuttum setningum við nemendur
- Fræðsla fyrir starfsfólk um kennslu tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda
- Túlkaþjónusta sé veitt þegar þörf er á, á vettvangi eða í gegnum síma eða fjarfundabúnað
- Skapa vettvang fyrir forráðamenn tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda til að hittast og læra saman á móðurmálinu með börnum sínum
- Leita eftir samvinnu við aðra skóla varðandi móðurmálskennslu tvítyngdra og fjöltyngdra nemenda
- Nýta kennsluvefi sem ætlaðir eru tvítyngdum og fjöltyngdum nemendum

6. EINSTAKLINGSMIÐUN

Markmið

- Að námsmarkmið og námsefni hæfi aldri, þroska og áhuga hvers og eins
- Að leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám í skóla án aðgreiningar
- Að bregðast strax við ef grunur vaknar um málþroskafrávik eða lestrarerfiðleika
- Að koma í veg fyrir að áhættuþættir þróist í alvarlegri vanda
- Að námsmat og skimanir séu notaðar til að meta framfarir hvers og eins til að sjá hvar nemendur standa miðað við jafnaldra
- Að byggja á og efla styrkleika hvers og eins

Dæmi um leiðir

- Málörvun er mikilvægur undirbúningur fyrir lestrarnám
- Nemendur hafi greiðan aðgang að fjölbreyttu lestrarefni
- Nemendur hafi sjálfir val um lesefni og fái aðstoð við valið eftir þörfum
- Þjóða upp á fjölbreyttan efnivið sem hæfir þroska og áhuga hvers og eins
- Hver nemandi er með lestrarbækur við sitt hæfi og les á sínum hraða
- Fjölbreytt kennsluefni sé aðgengilegt öllum
- Notaðar séu fjölbreyttar kennsluáðferðir
- Val um að vinna í næði
- Sterkar og veikar hliðar nemandans skilgreindar og viðeigandi málörvun og/eða þjálfun í lestri veitt

- Nemendur séu meðvitaðir um eigin lestrarfærni og fái hæfilega krefjandi lestrarefni
- Námsefni er aðlagð áhuga, getu og færni hvers og eins
- Val um mismunandi leiðir að lestri; hlusta á hljóðefni eða kennara auk eigin lestrar
- Að bjóða upp á sveigjanleika, stuðning og sérkennslu til að mæta þörfum og þroska nemenda
- Nýta þá sérfræðipjónustu sem þarf og hæfir hverju sinni
- Að nýta skimanir og stöðluð próf til að greina frávik hvort heldur sem nemendur eru undir viðmiðum eða yfir þeim
- Að gerð sé einstaklingsáætlun fyrir alla þá nemendur sem á þurfa að halda í samráði við forráðamenn og þá sjálfa
- Áhersla á snemmtæka íhlutun
- Nota skráningarform til að fylgjast reglulega með málþroska og lestrarnámi hvers nemanda
- Boðið er upp á hlustunarpróf í stað lesskilningsprófa fyrir þá sem þess þurfa
- Boðið er upp á mismunandi framsetningu prófa og prófgagna hvað varðar hlustun, leturstærð, lit og tíma
- Lesfimi og lesskilningur er kannaður reglulega og brugðist við til samræmis við niðurstöður
- Fyrir framsagnarpróf fá seinlæsir aukinn undirbúningstíma
- Heimanám í lestri er sniðið að þörfum hvers og eins nemanda



7. MATSTÆKI

Eftirtaldar skimanir og kannanir eru lagðar fyrir alla nemendur skólanna. Niðurstöður Lesferils, sem lagður er fyrir í grunnskólunum, eru skráðar í Skólagátt. Deildarstjórar halda utan um niðurstöður annarra skimana og kannana. Heilsugæslan leggur þroska-skimun fyrir tveggja og hálfis árs og fjögurra ára börn. Ef um frávik er að ræða veitir heilsugæslan leikskólum upplýsingar þar um með leyfi forráðamanna.

Matstæki í leikskólum

Árgangur	Skimanir	Tími	Ábyrgð
2–5 ára	TRAS	Á 6 mánaða fresti	Leikskólakennari
4 ára	Framburðarathugun	Í kringum afmælisdag	Leikskólakennari/ þroskaþjálfari
	Gerd Strand	Í kringum afmælisdag / fyrir foreldravíðtöl	Leikskólakennari
5 ára	Hljóm2	sept./okt.	Leikskólakennari

TRAS er skráning á málþroska ungra barna, gerð af leikskólakennurum. Málþroskinn er metinn út frá tjáskiptum og samskiptum, athygli og einbeitingu, samleik og félagsfærni, málskilningi, málvitund, framburði, orðaforða og setningamyndun. TRAS er notað til að fylgjast með og fá yfirsýn um málþroskafrámvindu barns. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barn er státt í málþroska á ákveðnum tímamarki og hvernig málþroski þess hefur þróast. Það auðveldar leikskólakennurum að skipuleggja málörvun í daglegu leikskólastarfi og fylgjast með því hvort stuðningsaðgerðir skili árangri.

Framburðarathugun er athugun á því hvaða hljóð barn getur borið fram og hvaða hljóð vantar. Tekin er framburðarkönnun á öllum 4 ára börnum á leikskólanum, markmið hennar er að finna börn með hljóðkerfissröskun sem hefur áhrif á lestrarnám. Með könnuninni er einnig hægt að finna hvort og þá hvaða málhljóð barnið hefur ekki náð tökum á. Í framhaldinu er unnið með framburðarþjálfun í leikskólanum. Barninu er vísað til talmeinafræðings með samþykki foreldra ef niðurstaða könnunarinnar bendir til hljóðkerfisvanda.

Gerd Strand er mat á stöðu fjögurra ára nemenda. Könnuninni er ætlað að gefa kennurum skýrari mynd af stöðu nemenda. Þetta er huglægt mat þar sem eftirfarandi færniþættir eru metnir: gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekking. Niðurstaða könnunarinnar gefur vísbendingar um hvort þörf sé á frekari athugunum, ef ástæða er til er Íslenski þroskalistinn lagður fyrir og ef niðurstaða hans gefur ástæðu til er barninu vísað áfram til viðeigandi sérfræðings.

Hljóm2 er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans. Prófið kannar færni barna í rými, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Markmiðið er að finna börn í áhættu fyrir að eiga í lestrarerfiðleikum síðar. Með Hljóm2 er skimað fyrir hljóðkerfisvanda 5 ára barna, ef útkoman er slök er barninu vísað til talmeinafræðings með samþykki foreldra og jafnframt er unnið með þá þætti á leikskólanum. Talmeinafræðingur gerir málþroskapróf á barninu og út frá niðurstöðum þess kemur hann með ráðleggingar um viðeigandi íhlutun. Hljóm2 prófið er endurtekið eftir um það bil 6 mánuði til að meta framfarir.

Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum 1 ½ - 3ja ára og er lagt fyrir þau börn sem sýna frávik samkvæmt skráningu í TRAS. Prófið er notað til að mæla orðaforða barna sem og að athuga hvort þau hafi náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Niðurstöður prófsins sýna hvort málþroski barns er aldursvarandi eða hvort hefja þurfi íhlutun.

Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn eru staðlaðir þroskalistar, annars vegar fyrir börn á aldrinum 15 – 38 mánaða og hins vegar fyrir börn frá 3ja til 6 ára. Listarnir eru lagðir fyrir ef um frávik er að ræða samkvæmt skráningu í TRAS og er þeim ætlað að meta getu barna á málþáttum (hlustun, tali og námi) og hreyfiþáttum (fínhreyfingum, grófhreyfingum og sjálfsbjörg).



Matstæki í grunnskólum

Árgangur	Skimanir	Tími	Ábyrgð
1.	Lesferill - lesskimun	október	umsjónarkennarar/ deildarstjóri sérkennslu
	Lesferill: lesfimi B, sjónrænn orðaforði, orðleysur, nefnuhraði	janúar	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A, sjónrænn orðaforði	maí	umsjónarkennarar
2.	Lesferill: lesfimi A, sjónrænn orðaforði	september	umsjónarkennarar
	Aston Index (stafsetning)	október	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B, sjónrænn orðaforði, orðleysur, nefnuhraði	janúar	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A, sjónrænn orðaforði	maí	umsjónarkennarar
3.	Lesferill: lesfimi A, sjónrænn orðaforði	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Aston Index (stafsetning)	október	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B, sjónrænn orðaforði, orðleysur, nefnuhraði	janúar	umsjónarkennarar/ deildarstjóri sérkennslu
	LOGOS lestrargreining	jan./feb.	deildarstjóri sérkennslu
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A, sjónrænn orðaforði	maí	umsjónarkennarar
4.	Samræmd könnunarpróf	september	umsjónarkennarar/ skólastjórnendur
	Lesferill: lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Aston Index (stafsetning)	október	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A	maí	umsjónarkennarar

Árgangur	Skimanir	Tími	Ábyrgð
5.	Lesferill: lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Aston Index (stafsetning)	október	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
6.	Lesferill: lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Aston Index (stafsetning)	október	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B, sjónrænn orðaforði, orðleysur, nefnuhraði	janúar	umsjónarkennarar/ deildarstjóri sérkennslu
	LOGOS lestrargreining	jan./feb.	deildarstjóri sérkennslu
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
	Framsagnarpróf	maí	umsjónarkennarar
7.	Samræmd könnunarpróf	september	umsjónarkennarar/ skólastjórnendur
	Lesferill: lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Aston Index (stafsetning)	október	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
	Framsagnarpróf	maí	umsjónarkennarar


Árgangur	Skimanir	Tími	Ábyrgð
8.	Lesferill: lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
9.	Lesferill: lesfimi A, sjónrænn orðaforði, orðleysur, nefnuhraði	september	umsjónarkennarar/ deildarstjóri sérkennslu
	LOGOS lestrargreining	sept./okt.	deildarstjóri sérkennslu
	Lesferill: lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Samræmd könnunarpróf	mars	umsjónarkennarar/ skólastjórnendur
	Lesferill: lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
10.	Lesferill: lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Lesferill: lesfimi A	maí	umsjónarkennarar

Lesferill er staðlað matstæki sem gefið er út af Menntamálastofnun. Lesferill metur grunnþætti læsis, veitir upplýsingar um framvindu í lestrarnámi og gefur vísbendingar um lestrarerfiðleika.

Lesferill inniheldur fimm tegundir prófa:

Lesskimun fyrir 1. bekk sem prófar hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, umskráningu og málskilning.

Lesfimi A og B eru raddlestrarpróf fyrir 1.–10. bekk sem prófa hraða og nákvæmni við lestur. Viðmið um leshraða hafa verið gefin út af Menntamálastofnun, miðað er við fjölda lesinna orða á mínútu. Hægt er að reikna fjölda lesinna atkvæða á mínútu með því að margfalda lesinn orðafjölda á mínútu með 1,6 fyrir 1. og 2. bekk og með 1,7 fyrir 3.–10. bekk. Viðmið Menntamálastofnunar miðast við stöðlun prófa í maímánuði, sjá töflu bls. 25.





Sjónrænn orðaforði er lestrarpróf sem prófar færni í ritháttarlestri.

Orðleysur er lestrarpróf sem prófar færni í umskráningu.

Nefnuhraði er próf sem reynir á færni í að nefna þekkta hluti/tákn hratt.

Aston Index stafsetningarskimun er staðlað próf í réttritun fyrir 2. - 7. bekk. Prófin geta gefið vísbendingar um lestrarerfiðleika og sértæka stafsetningarerfiðleika.

Orðarún 1 og 2 eru stöðluð lesskilningspróf fyrir 3. - 8. bekk. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og hugtaka, átta sig á staðreyndum og draga ályktanir.

Samræmd könnunarpróf eru í íslensku í 4., 7. og 9. bekk. Þau prófa lestur og lesskilning, málnotkun og ritun.

LOGOS lestrargreining er lögð fyrir þá nemendur í 3., 6. og 9. bekk sem eru undir lágmarksviðmiðum Menntamálastofnunar í leshraða. Í 10. bekk fara nemendur með greiningu um sértæka lestrarerfiðleika í endurmat hjá deildarstjóra sérkennslu.

Framsagnarpróf eru próf sem meta framsögn og lestrarlag. Prófin eru bæði í bundnu og óbundnu máli og er textinn valinn af kennurum hverju sinni. Framsagnarprófin eru ekki stöðluð.

Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils - Orð á mínútu

Árgangur	Lágmarksviðmið	Almenn viðmið	Metnaðarfull viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210



8. HUGTAKASKÝRINGAR

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk aðferð í læsi þar sem unnið er með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt. Gæðatextar er efniviður aðferðarinnar sem oftast en ekki eru sóttir til barnabóka. Unnið er með hvern gæðatexta í þremur þrepum þar sem kennsluáætlun með markmiðum, framkvæmd og mati er lögð til grundvallar við hæfi nemenda og viðkomandi nemendahópa. Í byrjendalæsi eru notaðar margar og fjölbreyttar kennsluáðferðir í lestri.

- **Hljóðgreining** er að sundurgreina hljóð í orðum. Oft er byrjað með að vinna með hljóð fremst í orði, þá aftasta hljóðið og svo hljóðið í miðju orðs. Fullkomin hljóðgreining er þegar öll hljóð í orðinu eru greind í réttri röð
- **Hljóðtenging** felst í að tengja saman hljóð í þeirri röð sem þau standa í orðinu og segja/lesa orðið upphátt
- **Raddlestur** nefnist það þegar lesið er upphátt
- **Punktalestur** er raddlestur þar sem tveir eða fleiri skiptast á að lesa milli punkta
- **Paralestur** er lestur þar sem tveir skiptast á að lesa upphátt
- **Kórlestur** felur í sér að lesa saman texta einum rómi undir leiðsögn kennara eða foreldris, með einum nemanda eða fleirum
- **Bergmálslestur** felur í sér að kennari eða foreldri les textann fyrst, t.d. eina málsgrein í einu og því næst er lesturinn bergmálaður af einum eða fleirum nemendum strax á eftir
- **Yndislestur** er lestur á áhugategndu efni og við hæfi lesandans. Lesturinn veitir lesandanum ánægju og er honum til yndisauka
- **Gagnvirkur lestur** er lestraraðferð sem þjálfar lesskilning. Aðferðin felur í sér fimm þrep
 1. Lestur á afmörkuðum texta
 2. Endursögn á því sem lesið var
 3. Spurningar búnað til upp úr textanum
 4. Erfið orð eða atriði úr textanum útskýrð
 5. Spáð fyrir um hvað kemur næst í textanum
- **SSLSR** er lestraraðferð sem þjálfar lesskilning. Skammstöfunin stendur fyrir að skoða, spyrja, lesa, segja og rifja upp
- **Hugtakakort** er aðferð þar sem hugtök eru skráð niður á myndrænan hátt til að auka þekkingu og skilning á þeim. Hugtökin eru skráð í reiti sem tengjast saman eftir ákveðnum reglum
- **KVL** er skammstöfun fyrir kann, vil vita og hef lært. Þessi aðferð er gjarnan notuð til að tengja saman forþekkingu nemenda og nýtt nám. Þegar byrjað er að ræða um nýtt efni skráir nemandi niður það sem hann veit um það á vinnublað undir kann. Því næst skráir hann niður það sem hann vill vita um efnið. Í lokin þegar nemandi hefur aflað sér þekkingar á efninu skráir hann það niður í dálkinn hef lært
- **Vennkort** (Samanburðarkort) er aðferð sem notuð er við samanburð á einhverju tvennu. Kortið sýnir tvö form sem skarast. Í sameiginlega hlutann er skráð niður það sem sameiginlegt er með því sem borið er saman

Einstaklingsmiðun

Einstaklingsmiðun gengur út á það að hverjum nemanda sé mætt á viðeigandi þroskastigi í þeim tilgangi að hann geti lært á sem afkastamestan og hagnýtastan hátt. Séð er til þess að allt námsumhverfið taki tillit til námsforsendna, áhuga og þarfa hvers nemanda. Við einstaklingsmiðun beitir kennari faglegum vinnubrögðum og notar mismunandi kennslu- og námsmatsaðferðir og viðfangsefni í samstarfi við nemendur og foreldra.

Ferilbók

Ferilbók er skráningarform sem heldur utan um og veitir yfirlit um þróun læsis hjá nemendum frá eins árs aldri og til loka yngsta stigs grunnskólans. Kennarar geta notað bókina sem verkfæri til skráningar þegar nemendur hafa náð ákveðnum vörðum á leið til læsis. Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir bjó ferilbókina til og var sú vinna hluti af meistaranámi hennar í lestrarfræðum við Háskólann á Akureyri. Starfsfólk í grunn- og leikskólum í Skagafirði tók meðal annarra þátt í að þróa ferilbókina sem ber heitið Vörður á leið til læsis.

Hljóðaaðferð

Hljóðaaðferð hefur verið algengasta aðferð lestrarkennslu í skólum á Íslandi um langa hríð. Hún tók við af stöfunaraðferð þar sem nöfn bókstafanna voru kennd og þau síðan tengd saman í orð. Við hljóðaaðferð verður grundvallarbreyting á lestrarkennslunni. Þar færist áherslan yfir á hljóð bókstafsins en ekki nafn hans. Bókstafirnir og hljóð þeirra eru kennd í ákveðinni röð og tekinn mikill tími í að æfa sérhvert hljóð og tengja það viðkomandi bókstafstákni. Byrjað er á sérhljóðum þar sem fer saman hljóð og nafn bókstafsins, svo sem í, a og ó og fljótlega bætt inn í algengum samhljóðum eins og s, l og r. Þá er farið að tengja hljóðin saman, eitt hljóð „heilsar“ upp

á annað hljóð og þannig fengnar samstöfur sem bæði hafa merkingu, svo sem ól, ís, ló, ós, eða ekki, svo sem íl, só og svo framvegis. Lögð er áhersla á tæknina við að tengja saman hljóð í orðahluta þar til nemandinn hefur náð valdi á henni.

Þegar kemur að tveggja atkvæða orðum, svo sem Rósa, Sísí og Sóla er nemandi bent á að gott sé að skipta þeim í tvennt og lesa sem tvo orðabúta.

Þannig er haldið áfram að bæta við hljóðum og þess gætt að byggja ofan á það sem þegar hefur verið kennt. Jafnframt eru kenndar algengar orðmyndir svo þægilegra sé að semja lestrartexta. Dæmi um algengar orðmyndir: og, ekki, sagði.



Hljóðbók

Hljóðbækur eru bækur sem gefnar eru út sem hljóðskrár, á geisladiskum eða á öðru rafrænu formi. Um er að ræða upplestur á prentuðu lesefni. Hægt er að fá flestar námsbækur í grunnskóla sem hljóðbækur ásamt skáldsögum, barnabókmenntum og fleiru.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er meðvituð færni einstaklingsins til að vinna með hljóðin í málinu, hvernig þau tengjast og á hvaða hátt má greina hið talaða mál í einingar, þ.e. fjölda atkvæða í orði og fjölda orða í setningu. Hljóðavitund er hluti hljóðkerfisvitundar og vísar til enn smærri eininga hljóðkerfisins eins og máhljóða.

Kortalestur og myndlestur

Í kortalestri og myndlestri felst að geta lesið upplýsingar út úr kortum, uppdráttum, myndritum og ýmiss konar myndrænu efni.

Læsispróun

Próun læsis hefst strax við fæðingu en þá byrja börn að byggja upp ákveðna færni og þekkingu á tungumálinu, lestri og ritun. Sú færni er hluti af þróun lestrar og er þar af leiðandi mikilvægur undirbúningur og grunnur fyrir formlegt lestrarnám sem hefst þegar þau byrja í grunnskóla. Sú læsispróun sem á sér stað áður en formlegt lestrarnám hefst er gjarnan kölluð bernskulæsi en þó hafa önnur hugtök einnig verið notuð um þessa þróun.

Markviss málörvun

Markviss málörvun er kennsluaðferð þar sem lögð er áhersla á þjálfun hljóðkerfisvitundar, eflingu orðaforða og málskilnings. Markviss málörvun er áætlun um kerfisbundin vinnubrögð í leik. Markmið leikjanna er að auka málvitund barna. Leikurinn er notaður til að ná athygli barnanna og vekja áhuga um leið og leikþörf og leikgleði þeirra er mætt.

Málþroski barna

Málþroski er hluti af almennum þroska barnsins og er það ferli þegar barn er að tileinka sér tungumálið. Málþroskinn er metinn með málþroskaprófum, þar sem málhæfni barns er athuguð út frá málskilningi annars vegar og máltjáningu hins vegar. Með málþroska er átt við ýmsa mállega þætti eins og orðaforða, hugtakaskilning, setningaskipan, beygingar og framburð máhljóða.



Orð af orði

Orð af orði er þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að efla læsi og námsárangur nemenda í grunnskólum. Lögð er áhersla á að kenna nemendum aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak orða og texta, skoða tengsl við annað lesefni og greina aðalatriði í texta.

Ritháttarlestur

Með ritháttarlestri er átt við að nemandi byggir smám saman upp sjónrænan orðaforða þannig að hann þekki orð um leið og hann sér þau, hratt og fyrirhafnarlaust. Þannig þarf nemandinn ekki að umskrá hljóð orðsins (að segja hljóðin og tengja þau saman), þegar hann les það heldur greinir ritháttarlegar einingar (orðhluta) þess strax. Lestrarkennslan þarf að beinast að því að nemandinn læri sem flest orð sem heildir og byggir þannig upp orðabanka í huga sér. Það er gert með því að lesa, skrifa og vinna á sem fjölbreyttastan hátt með orðin þar til nemandinn nær að þekkja þau. Því oftar sem nemandinn skoðar, les og skrifar orðið því meiri líkur eru á því að hann þekki það aftur fyrirhafnarlaust.

Skimunarlestur

Skimunarlestur byggir á því að skima eða leita að aðalatriðum í texta eða um hvað hann er.

Skimunarpróf

(Les)skimunarpróf er könnun á getu og færni í lestri. Oftar en ekki eru skimanir staðlaðar eftir aldri og lagðar fyrir hóp nemenda. Skimanir af þessu tagi eru eins konar eftirlitskerfi sem gefa til kynna styrk- og veikleika nemenda. Niðurstöður skimana gefa yfirsýn um hópinn og tækifæri til að bregðast við frávikum með viðeigandi íhlutun. Einnig gefa skimanir til kynna ef þörf er á frekara greiningarferli.

Snemmtæk íhlutun

Snemmtæk íhlutun er stuðningur og þjónusta sem fagaðilar veita ungum börnum og fjölskyldum þeirra. Hér er til að mynda átt við stuðning vegna málþroska og lesturs. Börn eru sérstaklega móttækileg fyrir snemmtækri íhlutun frá fæðingu og til sex ára aldurs og leggja margir áherslu á mikilvægi snemmtækra aðgerða á aldrinum núll til þriggja ára.



Talgervlar

Talgervlar eru hjálpartæki fyrir þá sem eiga erfitt með mál eða lestur. Nokkrir talgervlar hafa verið gerðir fyrir íslensku. Blindrafélagið fékk pólska fyrirtækið Ivona til samstarfs og útkoman er talgervill sem býr yfir tveimur röddum, karlmannsrödd sem nefnist Karl og kvenmannsrödd sem nefnist Dóra. Hægt er að nota talgervilinn, sem ber heitið Ivona Reader, í Windows stýrikerfum og á Android tækjabúnaði. Síðar kom á markað forritið Voice Dream Reader sem hægt er að nota í ios tækjum, það notar sömu raddir og Ivona Reader, Karl og Dóru.

Tákn með tali (TMT)

Tákn með tali eða TMT er tjáskiptaaðferð sem í upphafi var þróuð fyrir nemendur með mál- og þroskaröskun. Tákn með tali er notað þannig að lykilorð hverrar setningar er táknað með einföldum og náttúrulegum táknum, svo sem bendingum, látbragði og svipbrigðum, einnig hefur einu og einu tákni úr táknmáli heyrnarlausra verið bætt við. TMT nýtist fólki á öllum aldri sem hefur mál- eða talörðugleika af öðrum orsökum en heyrnarleysi. TMT er mikið notað í leikskólum sem málörvunartæki en sýnt hefur verið fram á að notkun þess hjálpar börnum með seinkun í málþroska og nýtist einnig vel í fjölmenningarlegu umhverfi. Á vefslóðinni www.tmt.is má finna mörg tákn og lýsingar á notkun þeirra.

Tvítýngi og fjöltýngi

Tvítýngi er það nefnt þegar börn læra tvö tungumál og fjöltýngi er þegar börn læra fleiri en tvö tungumál. Börnin geta ýmist átt eitt móðurmál sem þau læra hjá foreldrum sínum og bæta síðan tungumáli samfélagsins við, eða þau eiga tvö móðurmál sem þau læra ýmist samhliða eða hvort á eftir öðru, til dæmis vegna þess að foreldrar þeirra eru af mismunandi þjóðerni. Þá er það einnig til í dæminu að börn eigi sér tvö móðurmál og tungumálið sem talað er í samfélaginu er þá þriðja málið. Börn eru tvítýngd eða fjöltýngd þegar samskipti þeirra á heimili og í skólum fara fram á tveimur eða fleiri tungumálum.

Umskráning

Umskráning er það ferli kallað sem á sér stað þegar nemandinn sér bókstaf á blaði, sækir þekkingu sína á bókstafnum og tengir við rétt hljóð og segir hljóðið.



HEIMILDIR

Ásthildur B. Snorradóttir, Bjartey Sigurðardóttir. [án ártals]. Málþroskaraskanir. Sótt 29. júní 2017 frá Lesvefurinn: <http://lesvefurinn.hi.is/node/149>

Birna Arnbjörnsdóttir. (2008). Tvítýngi, annað mál, erlent mál. Málfríður, 24(1), 17–23. Sótt 12. mars 2014 frá http://malfridur.ismennt.is/vor2008/pdf/malfridur_24-1_17-23.pdf

Blindrafélagið samtök blindra og sjónskertra á Íslandi. [án ártals]. Dóra og Karl nýjar íslenskar talgervilsraddir. Sótt 19. desember 2016 frá: <http://www.blind.is/verkefni/talgervilaverkefni/>

Dunst, C.J. (2000). Revisiting „Rethinking early intervention“. Topics in Early Childhood Special Education 20(2), 95–104.

Elsa Pálsdóttir. (2017). Orðaforðalisti. Reykjavík: Menntamálastofnun.

Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2014). Hljóðasmiðja Lubba – handbók. Reykjavík: höfundar.

Guðmundur Engilbertsson. (2013). Orð af orði. Sótt 14. október 2016 af <http://hagurba.weebly.com/>

Halldóra Haraldsdóttir. [án ártals]. Bernskulæsi. Sótt 2. desember 2016 frá Lesvefurinn: <http://lesvefurinn.hi.is/node/135>

Helga Friðfinnsdóttir; Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (2000). Markviss málörvun í leik og starfi. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Helga Sigurmundsdóttir. [án ártals]. Greiningarpróf. Sótt 30. júní 2017 frá Lesvefurinn: <http://lesvefurinn.hi.is/node/187>

Heyrnar- og talmeinstöð. (2011). Sótt 6. janúar 2017 frá <http://hti.is/index.php/is/>

Hrafnhildur Sigurðardóttir. (1998). Málþroski. Bæklingur. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Ingibjörg Hafstað. (1994). Milli menningarheima: Um nám og kennslu nýbúa. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Ingibjörg Símonardóttir, Einar Guðmundsson, Sigurgrímur Skúlason og Sigríður Pétursdóttir. (1995). TOLD-2P Test of language development-2 primary. Málþroskapróf Handbók. Íslensk staðfærsla. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika. [án ártals]. Freyja Birgisdóttir (formaður ritnefndar). Menntavísindasvið Háskóla Íslands í samstarfi við Menntamálaráðuneytið. Sótt 1. október 2016 frá: <http://lesvefurinn.hi.is/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2000). Aðalnámskrá tónlistarskóla. Reykjavík.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla. Reykjavík.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011 og 2013). Aðalnámskrá grunnskóla. Reykjavík.

Pence Turnbull, K. og Justice, L. (2012). Language development from theory to practice. Boston: Pearson.

Phillis, B. M. og Lonigan, C. J. (2007). Social correlates of emergent literacy. Í M. Snowling og C. Hulme (ritstjórar), The science of reading: A handbook (bls. 173–187). Malden: Blackwell Publishing.

Rósa Eggertsdóttir, (2009). Lestrarfræði. Drög. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir (2006). Lexía. Fræði um leshömlun, kenningar og mat. Akureyri: Háskólaútgáfan.

Rósa María Hjörvar. (2013). Blindratækni. Sótt 19. desember 2016 frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga: <http://midstod.is/frodleikur/taeknimolar-og-frodleikur/midstod/2013/12/10/Blindrataekni/>

Sigríður Ólafsdóttir og Freyja Birgisdóttir. [án ártals]. Tvítýngi og læsi. Sótt 27. febrúar 2014 frá Lesvefurinn: <http://lesvefurinn.hi.is/node/147>

Sigrún Grendal Magnúsdóttir. (2010). Tákn með tali. Sótt 19. desember 2016 frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins: <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/takn-med-tali>

Steffani, S. og Selvester, P. (2009). The relationship of drawing, writing, literacy, and math in kindergarten children. Reading Horizons, 49(2), 125–142.

Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. Talfraeðingurinn, 19(1), 5–7.

Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun – yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), Þroskahömlun barna: orsakir – eðli – íhlutun (bls. 119–125). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Whitehurst, G. og Lonigan, C. (1998). Child development and emergent literacy. Child Development, 69(3), 848–872.

Lestrarstefna Skagafjarðar

LESTUR ER BÖRNUM BESTUR

Lestur og skilningur

Við verðum góðir lesarar með því að lesa reglulega upphátt og í hljóði. Þegar við lesum aukum við orðaforða og skilning.

Skimanir

Fylgst er með framförum nemenda í málþroska og lestri með markvissum skráningum. Brugðist er við með viðeigandi íhlutun ef á þarf að halda.

Lestrarhvetjandi umhverfi

Lestrarhvetjandi umhverfi kveikir áhuga og forvitni. Þar eru notalegar aðstæður til lesturs og gott aðgengi að fjölbreyttu les- og hlustunarefni.

Samfella á milli skólastiga

Lestrarnám hefst í leikskóla og myndar samfellda heild til loka grunnskóla. Gott samstarf leik- og grunnskóla er lykilatriði.

Samstarf við heimilin

Lestur er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla. Daglegur lestur heima er mikilvægur fyrir málþroska og forsenda góðs árangurs í lestri.

Einstaklingsmiðun

Lestrarnám byggir á styrkleikum hvers og eins. Nemendur vinna að markmiðum og verkefnum sem hæfa aldri þeirra, þroska og áhuga.

Tvítýngi og fjöltyngi

Allir nemendur þurfa að leggja rækt við móðurmál sitt. Nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldrar þeirra eiga að fá stuðning í lestrarnámi og við heimalestur.



Skagafjörður

Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrókur
Sími 455 6000
Bréfsími 455 6001
www.skagafjordur.is

Útgefið 2017

Útgefandi: Sveitarfélagið Skagafjörður
Umbrot og prentun: Nýprent ehf.